

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til skólameistarans á Akureyri, um lærdómsdeild við gagnfræðaskólann þar. **61**
25. oktbr.

Á fundi 22. okt. s. l. hefir ráðuneytið ákveðið að gagnfræðaskólinn á Akureyri skuli hjer eftir hafa heimild til að halda uppi lærdómsdeild eftir sömu reglum og gilda um lærdómsdeild mentaskólans samkvæmt reglugjörð frá 1908, með tveim minniháttar breytingum viðvíkjandi aldurstakmarki og sumarleyfi. Skal þessi deild hafa rjett til að útskrifa stúdenta og fari próf þeirra, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, að öllu fram eftir ákvæðum gildandi prófreglugerða máladeildar mentaskólans, enda veiti allan sama rjett. Áður en kemur að prófi næsta vor mun ráðuneytið gefa út reglugjörð til handa gagnfræðaskólanum vegna þessara áðurnefndu breytinga á lengd kenslutíma og starfsháttum skólans.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögreglustjóranna, um framkvæmd áfengisbannlaganna. **62**
16 nóvbr.

Menn segja, að brot þau gegn áfengislögunum, sem framin eru á skipunum, sjeu einna mest áberandi af áfengislagabrotunum og þá líka þjóðinni til mestrar vanvirðu. Þetta getur satt verið. Útlendir menn ferðast á skipunum og sjá glögglega, hverju fram fer. En hvað sem því líður, þá er ilt til þess að vita, að lögin eru svo mjög brotin á skipunum, og má það alls ekki líðast, að menn troði þessi lög fótum fremur en önnur lög. Ráðuneytið hyggur, að ráða megi bót á ólaginu ef lögreglustjórnarnir leggjast á eitt með ríkisstjórninni og gera, eins og hún vill gera fyrir sitt leyti, alt, sem í þeirra valdi stendur, til að fylgja fram lögunum í einu sem öllu. Það hefir þýðingu, að lögin sjeu framkvæmd á sama hátt í öllum lögsagnarumdæmum landsins, og þykir ráðuneytinu því rjett að taka það fram, er hjer fer á eftir.

1. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 15 frá 1925 má ekkert íslenskt skip flytja annað áfengi til landsins en það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins. Þó á þetta ekki við um fólksflutningaskip, sem